

# Yfirlit yfir lánasjóði ríkisins í hagtölum Seðlabanka Íslands

Uppfært 22.3.2021

Fyrirtæki	Starfandi/Óvirkt	Lýsing	Innlestur
Byggðastofnun	Starfandi	Byggðastofnun var stofnuð með lögum 64/1985. Hlutverk hennar er að fylgjast með þróun byggðar í landinu og veita lán eða annan fjárhagslegan stuðning í því skyni að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir óæskilega byggðaröskun.	Frá mars 1992.
Húsnæðissjóður	Starfandi	Stofnaður með lögum 137/2019 um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Tók yfir hluta af lánasafni Íbúðalánsjóðs og lánahlutverk hans.	Frá janúar 2020
Íbúðalánsjóður/ÍL-sjóður	Starfandi	Starfsemi Íbúðalánsjóðs hófst árið 1999 en þá sameinuðust Byggingarsjóður ríkisins, Byggingarsjóður verkamanna og Húsnæðisstofnun ríkisins. Í desember 2019 var Íbúðalánsjóði skipti upp: Húsnæðissjóður (heyrir undir Húsnæðis- og mannvirkjastofnun) og ÍL-sjóð (á forræði fjármála- og efnahagsráðuneytisins).	Frá mars 1992.
Menntasjóður námsmanna (áður: Lánasjóður íslenskra námsmanna)	Starfandi	Telst til annarra lánasjóða ríkisins frá janúar 1999.	Frá jan. 1999.
Orkusjóður	Starfandi	Telst til annarra lánasjóða ríkisins frá janúar 2009.	Frá jan. 2009

Byggingarsjóður ríkisins	<b>Óvirkt</b>	Sá um lánveitingar til íbúðakaupa í gegnum húsnæðisstofnun ríkisins.. Sameinaðist Byggingasjóð verkamanna og Húsnæðisstofnun ríkisins við stofnun Íbúðalánasjóðs.	Frá mar.1992-nóv.1999
Byggingarsjóður verkamanna	<b>Óvirkt</b>	Stofnaður um miðjan fjórða áratug tuttugustu aldarinnar. Var sameinaður Byggingasjóð ríkisins og Húsnæðisstofnun ríkisins við stofnun Íbúðalánasjóðs.	Frá mar.1992-nóv.1999
Ferðamálasjóður	<b>Óvirkt</b>	Stofnlánasjóður ferðapjónustugreina, stofnaður árið 1964. Var lagður af árið 2003 þegar hann sameinaðist Byggðastofnun.	Frá mars 1992-nóvember 2003
Fiskveiðasjóður Íslands	<b>Óvirkt</b>	Stofnaður árið 1905 til að efla fiskveiðar og útveg. Sameinaður lðnlánasjóði og lðnþróunarsjóði í Fjárfestingabanka atvinnulífsins árið 1998.	Frá mars 1992-desember 1997
Framkvæmdasjóður Íslands	<b>Óvirkt</b>	Tók við af Framkvæmdabanka Íslands árið 1967. Reikningar sjóðsins voru sameinaðir ríkissjóði árið 1998 og eru ekki með í gögnum um önnur fjármálafyrirtæki frá þeim tíma.	Frá mars 1992-desember 1998
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	<b>Óvirkt</b>	Stofnaður árið 1966. Fór úr gögnum um önnur fjármálafyrirtæki í ágúst 2003 og telst nú til ríkisins.	Frá mars 1992-ágúst 2003
Húsbréfadeild	<b>Óvirkt</b>	Sameinaðist Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna við stofnun Íbúðalánasjóðs árið 1999.	Frá mar.1992-nóv.1999
lðnlánasjóður	<b>Óvirkt</b>	Stofnaður árið 1935 til að styrkja innlendan iðnað. Var sameinaður Fiskveiðasjóði og lðnþróunarsjóði við stofnun Fjárfestingabanka atvinnulífsins árið 2000.	Frá mars 1992-desember 1997
lðnþróunarsjóður	<b>Óvirkt</b>	Stofnaður árið 1970. Var sameinaður Fiskveiðasjóði og lðnlánasjóði við stofnun Fjárfestingabanka atvinnulífsins árið 2000.	Frá mars 1992-október 1997

Landflutningasjóður	<b>Óvirkt</b>	Stofnaður með lögum 62/1979. Var færður undir ríkissjóð 1996.	Frá mars 1992- desember 1996
Lánasjóður landbúnaðarins	<b>Óvirkt</b>	Seldur Landsbanka Íslands í september 2005 og fór þar með út úr gögnum um önnur lánaþingartæki.	Frá mars 1992- október 2005
Veðdeild Búnaðarbankans	<b>Óvirkt</b>	Fór inn í bankakerfið í desember 1993.	Frá mars 1992- desember 1993
Veðdeild Landsbanka Íslands	<b>Óvirkt</b>	Fór inn í bankakerfið í nóvember 1993.	Frá mars 1992 – nóvember 1993
Verzlunarsjóður	<b>Óvirkt</b>	Stofnaður árið 1966. Var sameinaður Íslandsbanka hf. Árið 1998 og telst því ekki til annarra fjármálaþingartækja frá þeim tíma.	Frá mars 1993- september 1998